

Héraðsdómur Reykjavíkur

Úrskurður 18. október 2019

Mál nr. E-2691/2018:

Samtök sparifjáreigenda

Hróbjartur Jónatansson lögmaður

gegn

Hreiðari Má Sigurðssyni

Hörður Felix Harðarson lögmaður

Úrskurður

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 10. september 2019, er höfðað með stefnu, birtri 5. júní 2018, af Samtökum sparifjáreigenda, Þórunnartúni 2, Reykjavík, á hendur Hreiðari Má Sigurðssyni, með lögheimili í Lúxemborg.

Dómkröfur stefnanda eru þær **aðallega** að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 902.493.733 krónur ásamt vöxtum, samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001, frá 9. október 2008 til þingfestingardags en með dráttarvöxtum, samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags.

Til vara að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 514.754.157 krónur ásamt vöxtum, samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001, frá 9. október 2008 til þingfestingardags en með dráttarvöxtum, samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags.

Til þrautavara að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 132.372.900 krónur ásamt vöxtum, samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001, frá 23. september 2008 til þingfestingardags en með dráttarvöxtum, samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags.

Til **þrautþrautavara** að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skaðabætur að álítum ásamt vöxtum, samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001, frá 18. september 2008 til þingfestingardags en með dráttarvöxtum, samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags.

Til **þrautþrautþrautavara** að viðurkennd verði skaðabótaskylda stefnda gagnvart stefnanda vegna fjártjóns stefnanda sem hlaust af markaðsmisnotkun stefnda með hlutabréf í Kaupþingi banka hf. á tímabilinu 1. nóvember 2007 til 9. október 2008. Þá krefst stefnandi í öllum tilvikum greiðslu málskostnaðar.

Stefndi krefst þess að málinu verði vísað frá dómi. Þá krefst stefndi greiðslu málskostnaðar, ásamt álagi á málskostnað. Stefndi lagði fram greinargerð í málinu hinn 9. október 2018. Á grundvelli 2. mgr. 99. gr. laga nr. 91/1991 takmarkast greinargerð stefnda við kröfu um að málinu verði vísað frá dómi.

I.

1.

Forsaga máls þessa er að stefnandi höfðaði upphaflega mál á árinu 2016 á hendur stefnda í máli þessu og fjórum fyrrum starfsmönnum Kaupþings banka hf. og krafðist skaðabóta úr hendi þeirra vegna tjóns sem Stapi 1 lífeyrissjóður hf. taldi sig hafa orðið fyrir vegna viðskipta með hlutabréf í Kaupþingi banka hf., en lífeyrissjóðurinn hafði framselt stefnanda skaðabótakröfu sem lífeyrissjóðurinn taldi sig eiga af þessum sökum. Með dómi Hæstaréttar Íslands 11. janúar 2018 í máli nr. 845/2017, Samtök sparifjáreigenda gegn Hreiðari Má Sigurðssyni, Ingólfi Helgasyni, Magnúsi Guðmundssyni, Ólafi Ólafssyni og Sigurði Einarssyni, var því máli vísað frá héraðsdómi. Taldi dómurinn að eins og málið lægi fyrir væru málsástæður stefnanda um saknæma og ólögmæta háttsemi stefndu verulega vanreifaðar. Þá taldi dómurinn að skaðabótaábyrgð gæti ekki fallið á einstaka varnaraðila vegna atvika sem kynnu að hafa gerst áður en þeir áttu hlut að máli. Þá kom einnig fram í dóminum að reifun stefnanda á atriðum varðandi umfang tjóns hans hefði verið háð verulegum annmörkum.

2.

Mál þetta varðar kröfu stefnanda um greiðslu skaðabóta úr hendi stefnda vegna markaðsmisnotkunar sem átti sér stað í Kaupþingi banka hf. á árunum 2007–2008. Byggir málsóknin á því að stefndi hafi með markaðsmisnotkun, m.a. þeirri sem hann var sakfelldur fyrir með dómi Hæstaréttar í máli nr. 145/2014 og nr. 498/2015, valdið hluthöfum í bankanum tjóni með því að blekkja þá annars vegar til að kaupa hlutabréf í bankanum á of háu verði á skipulegum verðbréfamarkaði og að selja þau ekki áður en bankinn féll þann 9. október 2008 með yfirtöku Fjármálaeftirlitsins á bankanum.

Í fyrrgreinda dóminum, sem kveðinn var upp 12. febrúar 2015 í máli nr. 145/2014, ákærvaldið gegn Hreiðari Má Sigurðssyni, Sigurði Einarssyni, Ólafi Ólafssyni og Magnúsi Guðmundssyni, var stefndi sakfelldur fyrir brot gegn 117. gr., sbr. 146. gr., laga nr. 108/2007, með því að hafa staðið að viðskiptum með rúmlega 5% af heildarhlutafé í Kaupþingi banka hf., á tímabilinu 18.–23. september 2008, í tengslum við viðskipti fjárfestisins sheikh Mohammad Bin Khalifa Al Thani (MAT).

Með dómi Hæstaréttar 6. október 2016 í máli nr. 498/2015, ákærvaldið gegn Hreiðari Má Sigurðssyni, Sigurði Einarssyni, Ingólfi Helgasyni, Einari Pálma Sigmundssyni, Birni Sæ Björnssyni, Pétri Kristni Guðmarssyni, Magnúsi

Guðmundssyni, Bjarka H. Diego og Björk Þórarinsdóttur, voru stjórnendur Kaupþings banka hf. sakfelldir fyrir að hafa staðið að markaðsmisnotkun í viðskiptum með hlutabréf í Kaupþingi banka hf. á öllu tímabilinu 1. nóvember 2007 til 9. október 2008. Var stefndi sakfelldur fyrir þátttöku sína í markaðsmisnotkun með hlutabréf útgefin af Kaupþingi banka á tímabilinu 1. nóvember 2007 til október 2008 og fyrir að hafa þannig komið í veg fyrir að verð hlutanna réðist af raunverulegu framboði og eftirspurn. Hafi bankinn keypt 187.716.321 hluti á tímabilinu. Einnig var stefndi sakfelldur fyrir að koma á viðskiptum með 132.952.833 hluti í bankanum með fullri markaðsáhættu bankans í utanþingsviðskiptum til þriggja tilgreindra félaga í því skyni að blekkja markaðinn og hafa áhrif á hlutabréfaverð Kaupþings.

II.

1.

Helstu málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi byggir málatilbúnað sinn á almennum reglum skaðabótaréttar um bótaskyldu utan samninga. Telur stefnandi annars vegar fullsannað að með refsidómum Hæstaréttar í málum nr. 145/2014 og nr. 498/2015 hafi stefndi bakað sér skaðabótaábyrgð gagnvart stefnanda vegna markaðsmisnotkunar með hlutabréf í Kaupþingi á tímabilinu frá 1. nóvember 2007 til falls bankans í október 2008. Orsakatengsl séu skýr milli hinnar refsiverðu háttsemi stefnda og tjóns stefnanda og ljóst sé að tjónið sé sennileg afleiðing hinnar refsinaemu háttsemi stefnda. Hins vegar sé ótvírætt að með því að lána Eglu Invest BV. yfir 3.000 milljónir króna á „fyrri hluta“ árs 2008, í því skyni að halda uppi markaðsverði hlutabréfa í Kaupþingi, hafi stefndi með því einnig gerst brotlegur við 117. gr. vvl., sbr. ákvæði rg. 630/2005, með samsvarandi bótaskyldu gagnvart stefnanda.

Stefndi hafi verið sakfelldur fyrir þá háttsemi sem málatilbúnaður stefnanda byggi að mestu leyti á og að fyrrgreindir dómar Hæstaréttar hafi fullt sönnunargildi um þau málsatvik sem í þeim greinir þar til hið gagnstæða verði sannað, sbr. 4. mgr. 186. gr. sml. og 4. mgr. 116. gr. eml., sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 845/2017.

2.

Stefnandi byggir á því að stefndi hafi sýnt af sér saknæma og ólögmæta háttsemi sem hafi valdið fyrrum hluthafa bankans, Stapa lífeyrissjóði, fjártjóni en stefnandi eigi nú allar þær kröfur á hendur stefnda sem fólust í hlutfjáreign Stapa í bankanum. Felist hin saknæma og ólögmæta háttsemi stefnda nánar tiltekið í markaðsmisnotkun er sé refsiverð samkvæmt 117. gr. vvl. sem hafi að geyma háttennisreglu sem mælir fyrir um bann við tiltekinni háttsemi á skipulegum verðbréfamarkaði, þ.e. að beita málamyndagerningum

og opinberlega blekkingum í því skyni að hafa áhrif á framboð, eftirspurn eða verð skráðra fjármálagerna, sbr. nánari tilgreiningu í 117. gr. vvl. og rg. nr. 630/2005.

Þá hafi stefndi, með dómi Hæstaréttar í máli nr. 498/2015, verið sakfelldur fyrir markaðsmisnotkun með eigin hluti Kaupþings á tímabilinu 1. nóvember 2007 fram að falli bankans 2008.

Í fyrsta lagi hafi stefndi verið fundinn sekur um að hafa brotið gegn a- og b-lið 1. tölul. 1. mgr. 117. gr. vvl. með umfangsmiklum viðskiptum bankans á brotatímabilinu með eigin bréf sem gáfu, eða voru í það minnsta líkleg til að gefa, eftirspurn og verð hlutabréfa í bankanum ranglega eða misvísandi til kynna. Var ekki talið að lögmætar ástæður hefðu búið að baki viðskiptunum eða þau hefði mátt réttlæta sem viðurkennda markaðsframkvæmd.

Með þeirri refsiverðu háttsemi sem hafi verið til umfjöllunar í greindum dómum hafi stefndi, ásamt meðákærðu, með ólögmætum hætti gripið inn í verðmyndun á skipulegum verðbréfamarkaði með hlutabréf í Kaupþingi yfir það tímabil sem Stapi lífeyrissjóður átti þau viðskipti sem varða málið. Á tímabilinu hafi verið verulegur söluprýstingur á hlutabréf í Kaupþingi sem hefði undir venjulegum kringumstæðum valdið verulegri lækkun á gengi bréfanna. Með því að halda uppi markaðsverði eigin hluta Kaupþings með kerfisbundinni tilboðsgerð til kauphallar hafi stefndi blekktt þátttakendur á verðbréfamarkaði um hvert væri raunverulegt markaðsverðmæti hlutabréfanna í Kaupþingi og þeir látnir eiga viðskipti með bréfin á röngu og of háu markaðsverði.

Í öðru lagi hafi stefndi verið fundinn sekur, í máli nr. 498/2015, um að hafa brotið gegn a-lið 1. tölul. og 2. tölul. 1. mgr. 117. gr. vvl. með því að taka þátt í að selja eigin hluti Kaupþings til eignalausra hlutafélaga með fullri fjármögnun bankans gegn veðum í hlutabréfunum sjálfum. Var talið sannað að með því að selja bréfin á þennan hátt hefði framboð og eftirspurn eftir hlutum í Kaupþingi verið gefin ranglega til kynna, auk þess sem blekkingum hefði verið beitt um markaðsáhættu með því að kaupendurnir tóku enga fjárhagslega áhættu af kaupunum, en áhættan var öll hjá Kaupþingi. Í dóminum hafi verið leitt í ljós að æðstu stjórnendur Kaupþings hefðu a.m.k. frá 1. nóvember 2007 með skipulegum hætti komið í veg fyrir að eigin hlutir í bankanum færu á almennan markað. Hefði sú atburðarás jafnan farið af stað þegar bankinn hefði þurft að losa sig við eigin hluti, sem aflað var fyrir markaðsmisnotkun, að æðstu stjórnendur bankans hefðu tekið til við að finna félög sem að nafninu til gætu keypt hlutina af bankanum. Slík sala eigin hlutabréfa Kaupþings til eignalausra eða eignalítilla hlutafélaga, með því að lána söluverðið að fullu og eingöngu með veði í hlutunum sjálfum, hefði verið markaðsmisnotkun sem beitt var til að ráða raunverulegu verði hlutabréfanna, án tillits til raunverulegs framboðs og eftirspurnar á markaði. Með þessum viðskiptum, að því marki sem þau voru þá sýnileg öðrum, hafi bankinn ranglega látið líta svo út að kaupendur hlutanna hefðu borið fulla markaðsáhættu af þeim þegar hún var í raun hjá

bankanum. Því hafi öll slík viðskipti byggst á blekkingum og sýndarmennsku, og verið gerð í þeim tilgangi að gefa eftirspurn eftir hlutum í bankanum ranglega og misvísandi til kynna, í því skyni að stýra markaðsverði bréfanna.

Í þriðja lagi er á því byggt að stefndi hafi með dómi Hæstaréttar í máli nr. 145/2014 einnig verið sakfelldur fyrir markaðsmisnotkun með eigin hluti Kaupþings í viðskiptum Kaupþings við MAT vegna brota gegn a-lið 1. tölul. og 2. tölul. 1. mgr. 117. gr. vvl.

Í fjórða lagi byggir stefnandi á því að stefndi hafi með lánveitingu Kaupþings til Eglu Invest BV., til þess að forða því að Citibank gengi að veðtryggingu sinni í hlutabréfum Eglu Invest B.V. í Kaupþingi, sameiginlega viðhaldið of háu markaðsverði hlutabréfa í Kaupþingi. Þær samstilltu aðgerðir stefnda og Ólafs Ólafssonar hafi þannig beinlínis komið í veg fyrir að hinir veðsettu hlutir í bankanum til Citibank færu á markað í því skyni að forða því að gengi bréfanna myndi lækka.

3.

Stefnandi byggir á því að fjártjón Stapa lífeyrissjóðs vegna viðskipta hans með hlutabréf í Kaupþingi sé afleiðing hinnar saknæmu og ólögmetu háttsemi stefnda sem rakin hefur verið hér að framan. Bein orsakatengsl séu milli markaðsmisnotkunar stefnda og tjóns lífeyrissjóðsins af viðskiptum með hlutabréf í Kaupþingi á því tímabili sem markaðsmisnotkun stefnda átti sér stað.

Samkvæmt framansögðu liggi fyrir að stefndi hafi að minnsta kosti frá 1. nóvember 2007 til 9. október 2008, er bankinn féll, staðið með ýmsum hætti að umfangsmikilli og kerfisbundinni markaðsmisnotkun með hlutabréf í Kaupþingi. Framangreind markaðsmisnotkun stefnda hafi leitt til þess að þátttakendur á verðbréfamarkaði ýmist 1) keyptu hlutabréf í Kaupþingi á röngum forsendum, sem þeir ella hefðu ekki gert eða 2) keyptu hlutabréf í Kaupþingi á mun hærra verði en þeir ella hefðu gert eða 3) seldu ekki hlutabréf í Kaupþingi, sem þeir höfðu áður keypt, sem þeir ella hefðu selt ef markaðsmisnotkun stefnda hefði ekki gætt.

Stefnandi tekur fram að þegar markaðsmisnotkunin sem hér um ræðir hófst þann 1. nóvember 2007 hafi Stapi lífeyrissjóður átt hlutabréf í bankanum sem keypt höfðu verið fyrir samtals 4.230.351.569 krónur, en á tímabilinu frá 1. nóvember 2007 til og með 7. ágúst 2008 hafi lífeyrissjóðurinn átt viðskipti með hluti í bankanum eins og nánar er rakið í málsatvikalýsingu hér að ofan. Nettó mismunur kaupverðs hlutabréfanna annars vegar og söluverðs og arðs af bréfunum hins vegar hafi numið 902.493.733 krónum þegar Kaupþing féll.

Ef verðmyndun á hlutabréfum í Kaupþingi hefði fylgt lögum og reglum um verðmyndun á hlutabréfamarkaði sé vafalaust að markaðsverð þeirra á seinni hluta árs 2007 og fram til falls bankans á árinu 2008 hefði haft eðlilega fylgni við bókfært verð pr. hlut eins og það var skráð samkvæmt reikningum bankans. Með því að kaupa hlutabréfin

á markaði á verðum sem helguðust af markaðsmisnotkun stefnda greiddi lífeyrissjóðurinn of hátt verð fyrir bréfin og dró aðrar ályktanir af stöðu bankans sem fjárfestingarkosts á skipulegum verðbréfamarkaði en ella hefði verið ástæða til að gera. Það olli því að tap lífeyrissjóðsins varð stærra en ella þegar bréfin urðu verðlaus við fall bankans.

Sú háttsemi stefnda að halda ólöglega uppi markaðsgengi hlutabréfa Kaupþings með röngum yfirlýsingum um viðskipti bankans við MAT leiddi jafnframt til þess að lífeyrissjóðurinn seldi ekki bréf sín í Kaupþingi í september 2008. Staðfest er í dómi Hæstaréttar í máli nr. 145/2014 að þær blekkingar sem viðhafðar voru í tengslum við þau viðskipti höfðu eða voru líklegar til að hafa veruleg áhrif á markaðshæðun fólks og leiddu til stórfellds tjóns gagnvart almenningi. Blekkingar stefnda um meint viðskipti bankans við MAT leiddu því til þess að lífeyrissjóðurinn kaus að eiga hlutabréfin áfram í þeirri von að hækkun þeirra myndi endurheimta að minnsta kosti kaupverð bréfanna. Sú von brást þegar bankinn féll í október 2008 og hlutabréfin urðu verðlaus.

Blekkingar stefnda gagnvart almenningi um að fjárfestirinn MAT hefði keypt ríflega 5% hlut í bankanum var gríðarleg traustsyfirlýsing á bankann og sendi þau skilaboð út á markaðinn að staða bankans væri góð og framtíð hans væri björt þegar önnur var raunin. Í frétt Morgunblaðsins 23. september 2008 hafi verið fjallað um viðskiptin og sé þar vísað orðrætt í stefnda: *Við teljum að þetta sé mikil traustsyfirlýsing fyrir félagið. Það er búið að fara í gegnum mikla úttekt og grandskoðun á rekstri bankans á undanförunum mánuðum og þessi fjárfesting er gerð í kjölfar þess.* Þetta reyndist hins vegar vera hrein og ófyrirleitin blekking gagnvart almenningi og verðbréfamarkaðnum.

Stefnandi vísar til yfirlits sem hann hefur tekið saman yfir dagslokagengi hlutabréfa í Kaupþingi í íslensku kauphöllinni frá 1. nóvember 2007 til 3. október 2008. Samkvæmt yfirlitinu megi sjá að gengi bréfanna hafi lækkað hægt og sígandi allt tímabilið þar til botninum var náð þann 17. september 2008 er gengi á hlut nam 675 krónum. Hækkaði gengið lítillega eftir það og tók svo kipp í kjölfar yfirlýsinga um viðskipti Kaupþings og MAT. Fór gengið þá í krónur 755 á hlut þann 25. september 2008 og hafði þá ekki verið hærra síðan í júní sama ár. Sé því augljóst að markaðsmisnotkunin með sýndarviðskiptum Kaupþings og MAT hafi haft þau áhrif að hlutabréf í bankanum voru talin góður fjárfestingarkostur.

Telur stefnandi ljóst af gögnum málsins um viðskipti með hlutabréf í bankanum að hin svokölluðu Al Thani viðskipti Kaupþings hafi haft þau áhrif að almennir hluthafar töldu hagfelldast að eiga hlutabréf sín í bankanum, í stað þess að selja þau eins og þeim var unnt að gera. Það megi ráða af því hvernig velta með hlutabréf í Kaupþingi breyttist eftir tilkynninguna um viðskiptin. Vikuna fyrir viðskiptin, þ.e. 15.–19. september 2008, voru að meðaltali 170 viðskipti með bréfin á dag, meðalvelta á dag var 2.667.292.765 krónur og meðalfjöldi bréfa í viðskiptum á dag var 3.897.457. Vikuna eftir viðskiptin

breyttust tölurnar hins vegar í 77 viðskipti, 1.064.707.494 krónur og 1.436.110 bréf, en á sama tíma hækkaði gengi bréfanna um u.þ.b. 5%. Hafi því dregið verulega úr sölu hlutabréfa í Kaupþingi eftir að hinar röngu tilkynningar stefnda um viðskipti bankans og MAT bærust almenningi. Styðji þessi gögn og framvinda mála þá staðhæfingu stefnanda að vegna þessarar markaðsmisnotkunar stefnda hafi Stapi ekki selt hlutabréf sín í bankanum, sem hann átti þó kost á að gera.

Að því er varðar orsakatengsl verði við mat á sönnunarbyrði að hafa hugfast að stefndi var einn æðsti stjórnandi Kaupþings, háttsemi hans var sviksamleg, refsiverð og unnin af einbeittum ásetningi. Að auki hafi verið staðfest af Hæstarétti að háttsemi stefnda gaf eða var líkleg til að gefa til kynna ranglega eða misvísandi eftirspurn eftir hlutabréfum í Kaupþingi. Sé því einhver vafi um það hvort orsakatengsl séu fyrir hendi verði stefndi að bera hallann af því, auk þess sem snúa beri sönnunarbyrðinni við, eftir því sem við á.

4.

Stefnandi krefst skaðabóta sem nemi þeirri fjárhæð sem Stapi lífeyrissjóður, sem stefnandi leiðir rétt sinn frá, tapaði á viðskiptum með hlutabréf í Kaupþingi á tímabilinu 1. nóvember 2007 til október 2008. Stefnandi hafi fengið hlutina og öll kröfuréttindi, þ.m.t. bótakröfur á hendur stefnda, framseldar frá Stapa lífeyrissjóði.

Þann 1. nóvember 2007 hafi Stapi lífeyrissjóður átt hlutabréf í bankanum sem hann hafði keypt fyrir samtals 6.391.528.301 krónur. Eftir það tímabil og fram til falls bankans keypti lífeyrissjóðurinn til viðbótar hluti fyrir 2.161.176.732 krónur. Á sama tímabili seldi lífeyrissjóðurinn hluti fyrir samtals 5.455.837.008 krónur og fékk greiddan arð sem nam 33.197.560 krónum. Mismunur á kaupverði hlutabréfa í Kaupþingi og söluverði hlutabréfanna á tímabilinu 1. nóvember 2007 til október 2008 hafi numið 902.493.733 krónum.

Stefnandi rökstyður skaðabótakröfur sínar með eftirfarandi hætti:

Í aðalkröfu sé krafist endurgreiðslu nettó kaupverðs hlutabréfa í Kaupþingi. Í fyrsta lagi krefst stefnandi þess að stefndi greiði stefnanda skaðabætur sem gera hann eins settan og kaup Stapa lífeyrissjóðs á hlutabréfum í Kaupþingi hefðu ekki átt sér stað á tímabilinu 1. nóvember 2007 til 9. október 2008. Í því sambandi byggir stefnandi á því að lífeyrissjóðurinn hefði aldrei keypt hlutabréf í Kaupþingi hefði honum verið ljóst að verðinu væri haldið uppi af stefnda og öðrum stjórnendum og hluthöfum Kaupþings með sagnæmum og ólögætum hætti. Á þessum grundvelli krefst stefnandi þess að stefndi greiði sér skaðabætur eins og að lífeyrissjóðurinn hefði aldrei stofnað til viðskipta með hlutabréf í Kaupþingi á tímabilinu 1. nóvember 2007 til þess er bankinn féll í október 2008. Sú bótafjárhæð nemi 902.493.733 krónum en það er sú nettó fjárhæð sem Stapi lífeyrissjóður sat uppi með vegna viðskipta með hlutabréf í Kaupþingi við fall bankans 9. október 2008.

Í varakröfu er krafist skaðabóta vegna ofgreiðslu kaupverðs á hlutabréfum í Kaupþingi. Byggir stefnandi á því að Stapi lífeyrissjóður hafi orðið fyrir fjártjóni þar sem lífeyrissjóðurinn hafi greitt verulega hærra kaupverð fyrir hluti í Kaupþingi vegna markaðsmisnotkunar stefnda er nemur því markaðsverði hlutabréfa í Kaupþingi sem sjóðurinn hefði ella greitt fyrir þau við eðlilegar markaðsaðstæður. Ef markaðsmisnotkunar stefnda með hlutabréf í Kaupþingi hefði ekki gætt hefði hlutabréfaverð Kaupþings á verðbréfamarkaði að líkindum endurspeglad bókfært virði Kaupþings eins og það var í útgefnum reikningum bankans. Fyrir liggur að Stapi lífeyrissjóður keypti á tímabilinu 1. nóvember 2007 til október 2008 alls 2.785.825 hluti í Kaupþingi fyrir 2.161.176.738.krónur.

Í þrautavarakröfu er krafist skaðabóta vegna þess að Stapi lífeyrissjóður var blekkur til að selja ekki hlutabréf sín í Kaupþingi í september 2008. Stefnandi byggir á því að vegna refsiverðrar markaðsmisnotkunar stefnda í viðskiptum Kaupþings við MAT, sem staðfest var með refsidómum í hæstaréttarmálinu nr. 145/2014, hafi stefndi valdið því með sagnæmum og ólögætum hætti að Stapi lífeyrissjóður seldi ekki í september 2008 hlutabréf sín í Kaupþingi og þannig orsakað fjártjón sjóðsins sem leiddi af því að hlutabréf hans í Kaupþingi urðu verðlaus við fall bankans í október 2008. Eins og þróun hlutabréfamarkaðar hafi verið á Íslandi og erlendis í september 2008 hefði Stapi lífeyrissjóður „að líkindum“ selt hlutabréf sín í bankanum ef ekki hefði komið til sýndarviðskipta stefnda við MAT.

Í þrautþrautavarakrafa er krafist skaðabóta að álitum. Telur stefnandi að bótagrundvöllur sé fyrir hendi og að Stapi lífeyrissjóður, sá sem stefnandi leiðir rétt sinn frá, hafi orðið fyrir fjártjóni vegna sagnæmrar og ólögætrar háttsemi stefnda. Það leiðir beinlínis af niðurstöðu hæstaréttarmálanna nr. 145/2014 og 498/2015, hvað sem öðru líður.

Til þrautþrautavara er krafist viðurkenningar á bótaskyldu vegna fjártjóns stefnanda sem hlaust af markaðsmisnotkun stefnda með hlutabréf í Kaupþingi banka hf. á tímabilinu á árinu 2008. Er vísað um bótagrundvöllinn til þess sem áður greinir.

Um aðild að málinu tekur stefnandi fram að málsóknin sé reist á því að um einstaklingsbundið tjón hluthafa sé að ræða vegna markaðsmisnotkunar stefnda sem leiddi til þess að sá sem stefnandi leiðir rétt sinn frá keypti annars vegar hlutabréf í bankanum á of háu verði og seldi þau hins vegar ekki fyrir gjaldþrot bankans með þeim afleiðingum að tapa verðgildi þeirra við fall hans. Samkvæmt þessu hafi það ekki verið bankinn sjálfur sem hafi orðið fyrir tjóni heldur hluthafarnir sem slíkir, þ.m.t. sá hluthafi bankans sem stefnandi leiðir rétt sinn frá.

Um varnarþing er vísað til 2. og 3. mgr. 32. gr. eml. þar sem mælt er fyrir um að íslenskan ríkisborgara sem er búsettur erlendis megi sækja fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur

ef hann á ekki skráð lögheimili í annarri þinghá. Stefndi á lögheimili í Lúxemborg. Einnig vísar stefnandi til 41. gr. laga 91/1991.

Við munnlegan flutnings málsins mótmælti stefnandi öllum málatilbúnaði stefnda um frávísun málsins.

III

1.

Helstu málsástæður og lagarök stefnda

Stefndi byggir í *fyrsta lagi* á því að lýsing í stefnu uppfylli ekki kröfur 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála um skýran og glöggan málatilbúnað. Beri því að vísa málinu frá dómi sökum vanreifunar. Í *öðru lagi* er á því byggt að vísa beri málinu frá sökum þess að stefnandi hafi ekki lögvarða hagsmuni af úrlausn málsins og í *þriðja lagi* krefst stefndi þess að málinu verði vísað frá dómi þar sem aðild stefnanda er vanreifuð.

Stefnandi vísar til dóms Hæstaréttar frá 11. janúar 2018 í máli nr. 845/2017 þar sem úrskurður héraðsdóms um frávísun málsins frá dómi var staðfestur. Helstu forsendur réttarins hafi verið þær að málsástæður stefnanda um saknæma og ólögmeata háttsemi stefndu væru verulega vanreifaðar og litlum gögnum studdar. Auk þess sem reifun á umfangi tjóns stefnanda hafi verið verulegum annmörkum háð. Stefndi telur málatilbúnað stefnanda enn vera haldinn slíkum ágöllum að vísa beri málinu frá dómi öðru sinni. Stefnanda hafi ekki tekist að lagfæra þá annmarka sem Hæstiréttur hafi talið vera á upphaflegri málshöfðun hans. Málatilbúnaður stefnanda sé óskýr, þversagnarkenndur og fáum gögnum studdur.

Í stefnu sé því haldið fram að markaðsmisnotkun hafi átt sér stað í starfsemi Kaupþings á árunum 2007 til 2008. Ætluð markaðsmisnotkun hafi gert það að verkum að hluthafar hafi annars vegar verið blekkir til að kaupa hlutabréf í bankanum á of háu verði og hins vegar til að selja bréfin ekki áður en Kaupþing féll 9. október 2008. Í stefnu séu rakin atvik sem stefnandi telur til marks um það að stefndi hafi, ásamt öðrum aðilum, viðhaft markaðsmisnotkun með hlutabréf í Kaupþingi á þessu tímabili. Af stefnu verði ekki ráðið hver orsakatengsl hvers og eins atviks eru við ætlað fjártjón en stefnandi byggir á því að slaka verði á kröfum um sönnun orsakatengsla. Þá sé lýsing í stefnu afar fátækleg um þátt stefnda í þeirri háttsemi sem stefnandi telur að virða beri honum til sakar. Stefndi telji að málið sé af þessum sökum vanreifað og vísa beri því frá dómi. Í öllu falli sé málatilbúnaði stefnanda mótmælt í heild sinni sem röngum, ósönnuðum og vanreifuðum.

2.

Stefndi telur meint tjón stefnanda vanreifað. Af stefnu málsins megi ráða að Stapi lífeyrissjóður hafi beinlínis hagnast á meintri saknæmri háttsemi stefnda. Það sé því

sammerkt með kröfum stefnanda að Stapi hafi ekki orðið fyrir því tjóni sem stefnandi krefjist bóta fyrir. Kröfur stefnanda séu því í innbyrðis ósamræmi við málatilbúnað hans, sem fullnægir ekki kröfum um skýran og glöggan málatilbúnað skv. 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991. Samkvæmt lýsingu í stefnu hafi Stapi lífeyrissjóður átt hlutabréf í Kaupþingi 1. nóvember 2007 sem sjóðurinn hafi keypt fyrir 4.230.351.596 kr. Þá hafi sjóðurinn keypt eftir þann tíma og fram til 7. ágúst 2008 hlutabréf fyrir 2.161.176.732 kr. Hins vegar hafi sjóðurinn á sama tíma, eða frá 1. nóvember 2007 til 8. október 2008, selt hlutabréf fyrir 5.455.837.008 krónur, auk þess sem hann móttók arðgreiðslur að fjárhæð 33.197.560 krónur. Samkvæmt lýsingu stefnanda sjálfs hafi sala Stapa lífeyrissjóðs á tímabilinu 1. nóvember 2007 og fram að falli Kaupþings verið langt umfram kaup sjóðsins.

Af hálfu stefnanda er byggt á því að stefndi hafi með saknæmum hætti haldið uppi virði hlutabréfa í Kaupþingi á umræddu tímabili. Söluþrýstingur hafi verið mikill á hlutabréf í bankanum á þessum tíma og virði þeirra hefði því átt að vera mun lægra, ef ekki hefði komið til ætlaðra aðgerða stefnda. Ef þessi málatilbúnaður stefnanda er lagður til grundvallar þá er ljóst að Stapi lífeyrissjóður, sem seldi bréf fyrir um 5,5 milljarða króna á þessu tímabili, hefur fengið of hátt verð fyrir bréfin. Ætluð saknæm háttsemi stefnda hefur þá ekki getað leitt til tjóns fyrir lífeyrissjóðinn heldur hefur hún þvert á móti dregið verulega úr því tjóni sem sjóðurinn hefði ella orðið fyrir af fjárfestingu í hlutabréfunum. Ekkert rökrænt sambandi virðist því vera milli ætlaðrar saknæmrar háttsemi stefnda og framsetningar stefnanda á fjártjóni. Eykur þetta enn á óskýrleika málatilbúnaðar stefnanda. Um þennan ágalla á málatilbúnaði stefnanda hafi verið fjallað sérstaklega í dómi Hæstaréttar í máli nr. 845/2017, en þar segi svo:

Að því verður einnig að gæta að í útreikningi á skaðabótakröfu hans, sem áður var lýst, er að hluta byggt á heildarfjárhæð, sem Stapi lífeyrissjóður mun hafa greitt fyrir hlutabréf í Kaupþingi banka hf. í kaupum fyrir 1. nóvember 2007, en á tímabilinu eftir þann dag mun lífeyrissjóðurinn hafa selt meira af hlutabréfum en hann átti þá og verður að ætla að markaðsmisnotkun hlyti að hafa valdið því að söluverðið hafi þá orðið hærra en ef hennar hefði ekki gætt.

Þrátt fyrir skýra leiðbeiningu í dómi Hæstaréttar hefur stefnandi ekki leitast við að bæta úr þessum ágalla í stefnu málsins. Málatilbúnaður stefnanda er vanreifaður hvað þetta varðar og leiðir til frávísunar málsins frá dómi. Þessu til viðbótar verði af stefnu eða framlögðum gögnum ekki ráðið hvenær þau hlutabréf sem Stapi lífeyrissjóður átti 1. nóvember 2007 voru keypt. Upplýsingar um þetta efni hljóti þó að skipta sköpum við mat á því hvort lífeyrissjóðurinn hafi yfir höfuð tapað fjármunum á viðskiptum með hlutabréf í Kaupþingi. Þar sem hlutabréf í Kaupþingi höfðu hækkað gríðarlega allt þar til virði þeirra tók að lækka haustið 2007 þá sé mjög líklegt að virði þeirra hluta sem Stapi

lífeyrissjóður átti 1. nóvember 2007 hafi verið langt umfram kaupverð hlutanna. Þannig sé nær ómögulegt fyrir stefnda að átta sig á málatilbúnaði stefnanda.

Stefndi telur bótagrundvöll og útlístun stefnanda á ætluðu fjártjóni sínu vera svo óskýra og í innbyrðis ósamræmi að fari gegn d- og e-liðum 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991. Því sé ómögulegt fyrir stefnda að grípa til varna. Hvað varðar grundvöll kröfunnar bendir stefndi á eftirfarandi atriði. Í 67. mgr. stefnu segir stefnandi fjárhæð umkrafinna skaðabóta „nema þeirri fjárhæð sem Stapi lífeyrissjóður, sem stefnandi leiðir rétt sinn frá, tapaði á viðskiptum með hlutabréf í Kaupþingi á tímabilinu 1. nóvember 2007 til október 2008“. Tveimur málsgreinum síðar segir stefnandi kröfu sína eiga að leiða til þess að hann verði „eins sett[ur] og kaup Stapa lífeyrissjóðs á hlutabréfum í Kaupþingi hefðu ekki átt sér stað á tímabilinu 1. nóvember 2007 – 9. október 2008“.

Í fyrrsögn við skýringu á aðalkröfu sinni segir stefnandi að krafist sé „endurgreiðslu nettó kaupverðs hlutabréfa í Kaupþingi“ sem eigi að gera hann eins settan og Stapi hefði aldrei stofnað til viðskipta með hlutabréf í Kaupþingi á tímabilinu 1. nóvember 2007 – 9. október 2008. Undir hugtakið viðskipti fellur bæði kaup og sala og því er alls óljóst við hvað er átt.

Stefndi fái ekki séð hvernig þessar lýsingar samræmist niðurstöðu stefnanda um að meint tjón hans nemi mismuni á kaup- og söluverði hluta Stapa í Kaupþingi á þeim tíma sem stefnandi byggir á, að teknu tilliti til arðgreiðslna, þ.e. 902.493.733 kr. Í því sambandi verður að líta til þess að engar upplýsingar liggja fyrir í málinu um þá hluti sem Stapi átti þann 1. nóvember 2007, þ.e. áður en hin meinta saknæma háttsemi átti sér stað. Slíkar upplýsingar hljóta að vera forsenda þess að mögulegt sé að ákvarða fjárhæð bótakröfu.

Í *varakröfu* sinni krefjist stefnandi skaðabóta að fjárhæð 514.754.157 krónur vegna „ofgreiðslu kaupverðs á hlutabréfum í Kaupþingi“ þar sem lífeyrissjóðurinn hafi greitt verulega hærra kaupverð fyrir hluti í Kaupþingi vegna markaðsmisnotkunar stefnda en hann hefði ella greitt við eðlilegar markaðsaðstæður. Stefnandi leggur þar til grundvallar það sem hann telur rétt verð hlutabréfanna á fyrrnefndu tímabili og krefst greiðslu mismunar þess sem Stapi greiddi fyrir hlutabréfin í raun og veru og þess sem Stapi hefði greitt ef verðið hefði verið eins og stefnandi heldur fram. Stefnandi ítrekar hér fyrri tilvísun til dóms Hæstaréttar í máli nr. 845/2017 þar sem skýrar leiðbeiningar voru veittar um útreikning á bótakröfum stefnanda. Þar er sérstaklega tekið fram að við ákvörðun á fjárhæð skaðabótakröfu verði að líta til þess að Stapi seldi einnig bréf á sama tímabili og hafi notið þess að söluverð þeirra hafi orðið hærra en ella hefði verið vegna hinnar meintu markaðsmisnotkunar. Ekki sé tekið tillit til þess við útreikning á fjárhæð bótakröfunnar. Verði hún því að teljast verulega vanreifuð og beri að vísa henni frá dómi.

Í þrautavarakröfu sé krafist skaðabóta að fjárhæð 132.372.900 króna vegna þess að „Stapi lífeyrissjóður var blekkur til að selja ekki hlutabréf sín í Kaupþingi í september 2008“. Stefnandi rekur meint tjón sitt til þess að meint saknæm og ólögmæt háttsemi stefnda í september 2008 hafi leitt til þess að hann seldi þá ekki bréf sín. Fjárhæð tjónsins er fundin út frá dagslokaverði hlutabréfanna þann 17. september 2008, og þannig gengið út frá því að Stapi hefði annars selt öll hlutabréf sín á þeim degi á markaðsverði þess dags. Krafa þessi er sama marki brennd og þær fyrri og ber að vísa henni frá dómi. Í fyrsta lagi sé þversögn fólgin í þeirri framsetningu stefnanda að reikna meint tjón sitt út frá dagslokaverði á markaði í september 2008 á sama tíma og hann heldur því fram að það verð sé of hátt vegna meintrar markaðsmisnotkunar stefnda. Ef fallist er á málatilbúnað stefnanda um að stefndi hafi haldið markaðsverði hlutabréfanna of háu verður stefnandi að reikna meint tjón sitt út frá því sem hann telur eðlilegt verðmæti hlutabréfanna þann daginn, sem er að öllum líkindum ekki markaðsverð. Stefndi vísar á ný til forsendna í dómi Hæstaréttar þar sem fundið var að málatilbúnaði stefnanda í upphaflegri málshöfðun hans. Þar var skýrt tekið fram að ef stefnandi hygðist byggja á þessum grunni yrði hann ekki aðeins að sýna fram á að líkur væru til þess að Stapi hefði fyrir 9. október 2008 selt öll bréf sín í Kaupþingi ef ekki hefði komið til ætlaðrar saknæmrar og ólögmætrar háttsemi varnaraðila, heldur einnig hvaða verð hefði geta fengist „við þær aðstæður“. Á þetta skortir hjá stefnanda. Í öðru lagi sé hin meinta markaðsmisnotkun ekki ástæða þess að hlutabréf í Kaupþingi urðu verðlaus í október 2008 heldur sú staðreynd að Fjármálaeftirlitið tók yfir vald hluthafafundar og setti bankanum skilaneftnd. Án þeirrar aðkomu hefðu bréf Stapa ekki orðið verðlaus á þessu tímamarki. Þannig virðist forsenda fyrir meintu tjóni stefnanda vera fall bankans, en stefnandi byggir ekki á að stefndi hafi valdið því. Slík vanreifun á málatilbúnaði leiði til frávísunar. Í þriðja lagi fái stefndi ekki séð annað en að á yfirliti stefnanda um hlutabréfahreyfingar Stapa hafi viðkomandi eigandi hlutabréfa selt bréf eftir að hin meinta markaðsmisnotkun átti sér stað. Virðist þar gæta enn frekari þversagnar í málstað stefnanda þar sem hann hefur byggt á því að hann hafi hætt við að selja þau öll. Þar með hafi hann notið þeirrar meintu ólögmætu hækkunar sem varð á verði hlutabréfanna. Engar útskýringar séu á því gefnar hvers vegna Stapi seldi yfirhöfuð bréf á þessum tíma, ef hann hafi verið þeirrar skoðunar að svo ætti ekki að gera sökum meintra blekkinga stefnda. Eftir sem áður er söluverðmæti bréfanna látið liggja milli hluta við tjónsútreikning og krafan vanreifuð að því leyti. Í fjórða lagi telji stefndi allan málatilbúnað í tengslum við það hvort Stapi hefði selt hlutabréfin á þessum tímapunkti vera verulega óskýran. Stefnandi virðist ekki byggja á öðru en að Stapi hefði „mjög líklega“ selt hlutabréf sín í Kaupþingi á fyrrnefndum tímapunkti, en engar frekari skýringar eru gefnar á þeirri ályktun. Þá skortir verulega á að sönnur séu færðar fyrir þessum ályktunum, enda engin gögn lögð fram þeim til stuðnings.

Um aðrar kröfur stefnanda telur stefndi þá annmarka sem hér hafa verið raktir einnig eiga við um þrautþrauta- og þrautþrautaþrautavarakröfur stefnanda. Að því er varðar þrautþrautavarakröfuna sérstaklega þá telur stefndi að framangreind umfjöllun um ætlað fjártjón stefnanda, eða þann lögaðila sem hann leiðir rétt sinn frá, geri það beinlínis að verkum að útilokað sé fyrir dóminn að ákvarða bætur að álitum. Eins og málið liggja fyrir verði ekki með nokkru móti séð að stefnandi hafi orðið fyrir fjártjóni, heldur bendi gögn málsins og atvikalýsing í stefnu til þess að ætluð háttsemi stefnda hafi leitt til þess að Stapi lífeyrissjóður hafi fengið hærra verð fyrir hluti sína en ella.

Með þrautþrautþrautavarakröfu sinni krefst stefnandi viðurkenningar á skaðabótaskyldu stefnda gagnvart stefnanda vegna fjártjóns stefnanda sem hagsmunasamtökin telji sig hafa orðið fyrir vegna ætlaðrar markaðsmisnotkunar stefnda með hlutabréf í Kaupþingi. Eins og áður er rakið þá virðist óumdeilt að stefnandi sjálfur hafi ekki orðið fyrir neinu fjártjóni vegna viðskipta með hlutabréf í Kaupþingi. Verði því ekki séð hvernig stefnandi geti fengið hið gagnstæða staðfest í dómsorði. Auk þess hafi stefnandi hvorki leitt að því nægilegar líkur að meint saknæm háttsemi stefnda hafi valdið Stapa tjóni né gert nægilega grein fyrir því í hverju meint tjón hans felist. Áskilnaði 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 sé því ekki fullnægt.

3.

Um meinta saknæma háttsemi og orsakatengsl telur stefndi ljóst að aðkoma stefnda að þeim atvikum sem reifuð eru í stefnu séu afar mismunandi en stefnandi geri raunar engan reka að því að draga fram aðkomu stefnda og orsakatengsl við meint tjón stefnanda. Umfjöllun í stefnu standist ekki kröfur 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 um skýran og glöggan málatilbúnað. Fram hafi komið í áðurnefndum dómi Hæstaréttar í máli nr. 845/2017 að málsástæður stefnanda um þennan þátt málsins væru „verulega vanreifaðar og virðast litlum sem engum gögnum studdar“. Hæstiréttur taldi því ekki nægilega lýst hvernig stefndi ætti að bera skaðabótaábyrgð vegna tiltekinna viðskipta Kaupþings á því tímabili sem lagt var til grundvallar í stefnu. Auk þess komi eftirfarandi fram í dóminum:

Er þess þá jafnframt að gæta að í málatilbúnaði sóknaraðila er ekki að sjá viðhlítandi skýringar á því hvort eða hvernig hann telji tjón hafa í einstökum atriðum myndast innan heildartímabilsins frá 1. nóvember 2007 til 9. október 2008.

Stefndi fái ekki séð að úr þessu hafi verið bætt. Í atvikalýsingu í stefnu séu reifuð mismunandi atvik sem stefnandi virðist telja til marks um ætlaða markaðsmisnotkun stefnda. Vísað er til umfjöllunar í dómum Hæstaréttar Íslands, annars vegar frá 12. febrúar 2015 í máli nr. 145/2014, svokölluðu Al Thani máli, og hins vegar frá 6. október 2016 í máli nr. 498/2015 um viðskipti Kaupþings banka hf. með eigin bréf vegna

svokallaðrar viðskiptavaktar. Þá er gerð grein fyrir endurfjármögnun Kaupþings á láni Eglu Invest BV. og ætluðum áhrifum eigin hlutabréfa Kaupþings á eiginfjárgrunn bankans. Ekki sé ljóst hvort stefnandi telji þau atvik vera samverkandi tjónsorsakir sem leitt hafi til tjóns stefnanda sem stefndi beri ábyrgð á. Þá auki það enn á óskýrleika málatilbúnaðarins að stefnandi hafi einnig höfðað mál gegn fyrrum hluthafa Kaupþings með stefnu dags. 3. maí 2018. Kröfur stefnanda í því máli eru nær eins, m.a. hvað fjárhæðir varðar, þrátt fyrir að nokkur munur sé á meintri saknæmri og ólögmati háttsemi stefndu í málunum tveimur. Telur stefndi þetta sýna fram á að stefnandi eigi í þó nokkrum vandræðum með allan málatilbúnað sinn, m.a. með að sýna fram á saknæmi háttsemi stefndu, orsakatengsl milli atvika og meints tjóns Stapa lífeyrissjóðs.

Umfjöllun um atvik og grundvöll ætlaðrar skaðabótaábyrgðar stefnda er einnig óljós, enda er ætlaður hlutur stefnda í þeim atvikum sem stefnandi telur til tjónsorsaka reifaður með takmörkuðum og almennum hætti. Stefnandi fjallar stuttlega um niðurstöður Hæstaréttar í fyrrgreindum dómum og segist að „öðru leyti byggja á þeim málavöxtum sem lagðir voru til grundvallar niðurstöðu“ í framangreindum málum.

Í stefnu sé því ekki lýst hver aðkoma stefnda á að hafa verið að hverri og einni tjónsorsök, t.d. hvort byggt sé á því að stefndi hafi átt beina aðkomu að umræddum ákvörðunum í rekstri bankans, hvort byggt sé á athöfn eða athafnaleysi, ábyrgð á grundvelli stöðu hans sem forstjóra samstæðu bankans o.s.frv. Þá verður ekki ráðið af stefnu hvort byggt sé á því að þær tjónsorsakir sem raktar eru hafi til samans leitt til tjóns, þannig að hver og ein þeirra teljist nauðsynleg til að tjón hlytist af eða hvort byggt sé á því að hvert og eitt atvik sé nægjanlegt til tjónsins. Þá auki það enn á óskýrleika í þessari framsetningu stefnanda að ekki verði séð að ætlaðar tjónsorsakir hafi komið fram á sama tíma, en engar skýringar séu gefnar á því hvort eða hvernig stefnandi telji tjón hafa í einstökum atriðum myndast innan heildartímabilsins frá 1. nóvember 2007 til 9. október 2008. Hér sé sérstaklega bent á umfjöllun í tengslum við fjármögnun Eglu Invest BV. Til að mynda virðist stefnandi ekki leitast við að sanna fullyrðingar um þátt stefnda í umræddum lánveitingum og hvernig hann hafi sýnt af sér saknæma og ólögmeta háttsemi. Stefndi bendir á að málatilbúnaður stefnanda byggji á „vísbendingu“ sem dregin sé af tilvísun til bókunar í fundargerð lánanefndar Kaupþings, sem ekki hafi verið lögð fram í málinu. Ekki sé nokkur reki gerður að því að draga fram aðkomu stefnda að umræddri lánveitingu, hvað þá að leggja fram gögn um hana. Öll umfjöllun um þessa lánveitingu sé verulega ónákvæm. Í stefnu er m.a. vísað til þess í mgr. 27–29 að *stefndi og aðrir stjórnendur bankans*, auk Ólafs Ólafssonar, hafi sammælt um þessar aðgerðir, án þess að frekari skýringar séu veittar. Síðar er í 50. mgr. byggt á því að um samstilltar aðgerðir *stefnda* og Ólafs Ólafssonar hafi verið að ræða. Þannig er óljóst hverjir nákvæmlega hafi átt í hlut. Þá liggi ekki fyrir skýrlega hvenær nákvæmlega umræddir

atburðir eiga að hafa orðið eða hvernig þeir leiddu til tjóns stefnanda. Skortur á slíkri sönnunarfærslu varðar frávísun, líkt og Hæstiréttur benti réttilega á í dómi sínum. Þá er rétt sem fram kemur í stefnu að refsímál hafi ekki verið höfðað vegna þessa máls. Raunar var aldrei gefin út ákæra vegna þess, heldur var rannsókn málsins felld niður hjá héraðssaksóknara með vísan til 2. másl. 4. mgr. 52. gr. laga nr. 88/2008. Auk þess má geta þess að Kaupþing ehf. felldi niður bótamál gegn stefnda vegna lánveitingarinnar og greiddi málskostnað hans.

Af öllu framangreindu telur stefndi að framsetning málatilbúnaðar stefnanda og skortur á sönnunargögnum um þessi atvik geri stefnda ókleift að halda uppi efnislegum vörnum. Ljóst sé að málatilbúnaður stefnanda sé enn haldinn þeim annmörkum sem að mati Hæstaréttar vörðuðu frávísun fyrri málshöfðunar frá dómi. Ekki sé skýrt hvernig stefnandi telji tjón hafa myndast í einstökum atvikum innan tímabilsins og hvenær hin meinta hegðun stefnda hafi leitt til tjóns stefnanda.

4.

Stefndi telur að stefnandi hafi ekki lögvarða hagsmuni af úrlausn málsins og beri því að vísa málinu frá dómi. Stefnandi sé hagsmunasamtök almennra hluta- og sparifjáreigenda sem hafi m.a. þann skráða tilgang að „gæta hagsmuna félagsmanna gagnvart stjórnvöldum, stjórnmalámönnum, útgefendum hlutabréfa og annarra verðbréfa, fjölmiðlum og öðrum þeim, sem áhrif geta haft á hag þeirra, er fjárfesta í hlutabréfum, verðbréfum og öðrum sparnaðarleikum“, sbr. samþykktir félagsins. Í samþykktum stefnanda er því lýst að tilgangi samtakanna hyggist þau meðal annars ná með því að reka dómsmál til tryggingar því að lögbundin réttindi félagsmanna séu virt. Stefnandi hafi í þessu skyni, að því er virðist, fengið framseld hlutabréf sem Stapi lífeyrissjóður átti í Kaupþingi banka hf. við fall hans, auk réttinda „sem tengjast hlutabréfaeign Stapa lífeyrissjóðs í Kaupþingi hf. á árunum 1999 til og með 2008“, sbr. framsal, dags. 9. desember 2015. Það virðist því óumdeilt að stefnandi sjálfur hafi hvorki keypt né selt hlutabréf í Kaupþingi banka hf. á árunum 2007 til 2008 eða orðið fyrir fjártjóni vegna viðskipta með hlutabréf í bankanum.

Í stefnu málsins segi að stefnandi hafi fengið framseld hlutabréf Stapa ásamt mögulegum skaðabótakröfum sem Stapi kynni að eiga á hendur stefnda vegna meintrar markaðsmisnotkunar. Í framsalinu segi svo:

Framsal þetta er skilyrt því að fáist skaðabætur greiddar á grundvelli hinna framseldu hlutabréfa skal framsalshafi greiða framseljanda það sem upp í kröfuna fæst að frádregnum málskostnaði [...]

Ljóst er að engu skiptir um stöðu stefnanda að lögum að fá dóm um kröfur sínar. Hann teljist því ekki hafa lögvarða hagsmuni af úrlausn þess, sbr. til hliðsjónar 1. mgr.

24. gr. og 2.–3. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991. Varði þetta frávísun málsins. Í öllu falli virðist framsalið bera með sér að vera málamyndagerningur, hvers tilgangur er að veita stefnanda heimild til að sækja mál þetta í eigin nafni, án nokkurra lögvarinna hagsmuna af úrlausn þess. Fyrirkomulag þetta hafi þó töluverð áhrif á framgang málsins og möguleika stefnda til að grípa til varna. Leiði þessi gerningur til þess að starfsmenn og fyrirsvarsmenn Stapa muni ekki hafa stöðu aðila við meðferð málsins heldur muni þeir teljast til vitna. Með því sé réttarfarslegum grundvelli málsins raskað með þeim hætti að mögulegar bætur renni allar til upphaflegs eiganda bréfanna, en þriðji maður sé eigandi bréfanna að nafninu til.

Með vísan til framangreinds telur stefndi ljóst að framsalið og skilyrðing þess við afrakstur málarekstursins leiði til þess að aðild stefnanda sé í öllu falli vanreifuð. Í stefnu sé hvergi vísað til þessa skilyrðis framsalsins, en af því leiði að stefnandi sé aðeins réttur aðili máls þessa ef kröfur hans ná ekki fram að ganga. Engin umfjöllun er um áhrif þessa á aðild stefnanda og eykur þetta enn á óskýrleika málatilbúnaðar stefnanda.

IV.

1.

Stefnandi byggir skaðabótakröfur sínar á hendur stefnda annars vegar á þeim grundvelli að með dómum Hæstaréttar í málum nr. 145/2014 og nr. 498/2015 sé það fullsannað að stefndi hafi bakað sér skaðabótaábyrgð gagnvart stefnanda vegna markaðsmisnotkunar hans með hlutabréf í Kaupþingi á tímabilinu frá 1. nóvember 2007 til falls bankans í október 2008. Hins vegar hafi hann valdið stefnanda tjóni með því að lána Eglu Invest BV. yfir 3000 milljónir króna á fyrri hluta árs 2008 í því skyni að halda uppi markaðsverði hlutabréfa í Kaupþingi.

2.

Víkur fyrst að fyrri málsástæðu stefnanda. Í henni er málatilbúnaður í fyrsta lagi byggður á því að stefndi hafi með dómi í máli nr. 498/2015 verið sakfelldur fyrir markaðsmisnotkun með eigin hlut Kaupþings á tímabilinu 1. nóvember 2007 fram að falli bankans í október 2008. Með því hafi stefnandi verið blekkur um hvert væri raunverulegt markaðsverðmæti hlutabréfanna og viðskiptin hafi farið fram á of háu verði. Í öðru lagi hafi stefndi verið fundinn sekur í sama dómi fyrir að selja eigin hluti til eignalausra hlutafélaga með fullri fjármögnun bankans gegn veðum í hlutabréfunum sjálfum, og með því gefið ranglega til kynna framboð og eftirspurn eftir bréfunum og

komið í veg fyrir að bréfin færu á almennan markað, og í þriðja lagi hafi stefndi með dómi Hæstaréttar í máli nr. 145/2014 verið sakfelldur fyrir markaðsmisnotkun með eigin hluti Kaupþings í viðskiptum bankans við MAT.

Fjártjónskrafa samkvæmt aðalkröfu stefnanda er reist á því að lífeyrissjóðurinn hafi keypt hlutabréf í Kaupþingi banka hf. fyrir 1. nóvember 2007 fyrir tiltekna fjárhæð og ennfremur hafi hann frá þeim tíma og allt fram til október 2008 keypt hlutabréf í félaginu. Eru þessar fjárhæðir síðan lagðar saman. Frá 1. nóvember 2007 og fram að falli bankans í október 2008 hafi hann hins vegar selt bréf fyrir aðra lægri fjárhæð. Mismuninn, að teknu tilliti til arðgreiðslna, telur stefnandi vera tjón hans samkvæmt aðalkröfu sem stefndi beri skaðabótaábyrgð á. Þannig er lagt til grundvallar aðalkröfu að Stapi lífeyrissjóður hafi átt hlutabréf í Kaupþingi 1. nóvember 2007 sem sjóðurinn hafi keypt fyrir samtals 4.230.351.596 krónur. Eftir þann tíma og fram til 7. ágúst 2008 keypti sjóðurinn til viðbótar hlutabréf fyrir 2.161.176.732 krónur og á sama tímabili hafi sjóðurinn selt hluti fyrir 5.455.837.008 krónur. Um þennan málátilbúnað stefnda var fjallað í dómi Hæstaréttar nr. 845/2017 í fyrri málsókn stefnanda. Segir þar svo:

Að því verður einnig að gæta að í útreikningi á skaðabótakröfu hans, sem áður er lýst, er að hluta byggt á heildarfjárhæð, sem Stapi lífeyrissjóður mun hafa greitt fyrir hlutabréf í Kaupþingi banka hf. í kaupum fyrir 1. nóvember 2007, en á tímabilinu eftir þann dag mun lífeyrissjóðurinn hafa selt meira af hlutabréfum en hann átti þá og verður að ætla að markaðsmisnotkunin hlyti að hafa valdið því að söluverðið hafi þá orðið hærra en ef hennar hefði ekki gætt.

Í stefnu gerir stefnandi ekki grein fyrir því hvort hann hafi hagnast vegna kaupa á hlutabréfum sem hann átti þann 1. nóvember 2007, áður en hin meinta saknæma háttsemi átti sér stað og þá um hvaða fjárhæð ef um það var að tefla. Skiptir þetta máli til þess að unnt sé að leggja mat á hvort lífeyrissjóðurinn Stapi hafi orðið fyrir tjóni vegna viðskipta með hlutabréf í Kaupþingi banka. Að þessu virtu verður ekki betur séð en að aðalkrafa stefnanda sé enn haldin sama annmarka og var fyrir hendi í fyrri málsókn stefnanda. Telur dómurinn með vísan til þessa að aðalkrafa stefnanda sé svo vanreifufð að ekki verði hjá því komist að vísa henni frá dómi.

Í varakröfu byggir stefnandi á því að Stapi hafi orðið fyrir fjártjóni með því að hafa þurft að greiða verulega hærra kaupverð fyrir hlutabréfin sem stefnandi keypti á tímabilinu 1. nóvember 2007 til október 2008 en efni stóðu til vegna markaðsmisnotkunar stefnda á tímabilinu. Ef ekki hefði verið um markaðsmisnotkun að ræða hefði verð hlutabréfanna „að líkindum“ endurspeglað bókfært virði bankans. Er varakrafan síðan reiknuð út á þessum grundvelli og miðuð við kaup lífeyrissjóðsins á tímabilinu 1. nóvember 2007 til október 2008, samtals 2.785.825 hluti. Varakrafan er haldin sömu annmörkum og aðalkrafan að því leyti að ekkert tillit er tekið til þess að

stefnandi hafi einnig selt bréf á sama tímabili og hafi þá notið hærra verðs en ella hefði verið vegna markaðsmisnotkunarinnar, sbr. fyrrgreindan dóm Hæstaréttar í máli nr. 845/2017. Að þessu virtu verður einnig að vísa varakröfu stefnanda frá dómi.

Í þrautavarakröfu er byggt á því að Stapi hafi verið blekkur til að selja ekki hlutabréf sín í Kaupþingi í september 2008 og ef ekki hefði komið til sýndarviðskiptanna við MAT hefði Stapi að „líkindum“ selt hlutabréf sín í bankanum á því markaðsverði sem fáanlegt var þann 18. september 2008. Einungis er byggt á almennum líkum. Stefnandi ber sönnunarbyrði fyrir því að Stapi lífeyrissjóður hefði selt hlutabréf sín í bankanum á umræddu tímamarki ef markaðsmisnotkun hefði ekki haft áhrif á verðmyndun þeirra á markaði, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 845/2017. Stefnandi leggur ekki fram nein gögn því til staðfestingar, svo sem fundargerðir, tölvupósta eða annað, sem gefa til kynna slíkar fyrirætlanir stjórnenda lífeyrissjóðsins. Þá liggur fyrir að stefnandi seldi bréf í bankanum eftir viðskipti Kaupþings við MAT og hafi þar með notið ólögmætrar hækkunar sem varð á verði hlutabréfanna eftir þann tíma, en engin grein er gerð fyrir söluhagnaði stefnanda hvað það varðar. Í ljósi framangreinds verður einnig að vísa þessari dómkröfu frá dómi vegna vanreifunar.

Í fjórðu dómkröfu stefnanda er krafist skaðabóta að álitum. Af þeim ástæðum sem raktar eru hér að framan um aðal- og varakröfur stefnanda verður ekki heldur unnt að ákveða stefnanda skaðabætur að álitum, enda liggur ekki fyrir á hvaða grundvelli ætti að áætla slíkar bætur. Þá er ekki hægt að taka til greina kröfu stefnanda um viðurkenningu á bótaskyldu vegna fjártjóns án þess að kveða á um fjárhæð bóta, nema fyrir liggja á hvaða grundvelli hann teljist hafa orðið fyrir tjóni, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 845/2017.

3.

Síðari málsástæða stefnanda er byggð á því að stefndi hafi bakað sér skaðabótaábyrgð gagnvart stefnanda með þátttöku sinni í því að Kaupþing banki hf. tók á sig alla markaðsáhættu af hlutabréfaeign Eglu Invest BV. með því að lána félaginu 3.000 milljónir króna „á fyrri hluta árs 2008“ gagnert í því skyni að halda uppi markaðsverði hlutabréfa í Kaupþingi.

Eins og málið liggur hér fyrir eru málsástæður þessar um saknæma og ólögmæta háttsemi stefnda verulega vanreifaðar og litlum gögnum studdar. Til þess er jafnframt að líta að röksemdir dómsins varðandi fyrri málsástæður stefnanda eiga að flestu leyti einnig við um þessa málsástæðu. Er óljóst hvernig tjón stefnanda megir rekja til ólögmætrar og saknæmrar hegðunar stefnda á fyrri hluta árs 2008 ef tjónið er reiknað út miðað við lengra tímabil, sbr. aðal- og varakröfu stefnanda. Þá er í þrautavarakröfu lagt til grundvallar að stefndi hefði „að líkindum“ selt bréfin í september 2008 ef hann hefði ekki verið blekkur, vísast til þess sem áður segir í umfjöllun hér að framan um fyrri málsástæðu stefnanda.

Þá eru tvær síðustu dómkröfur stefnanda sama marki brenndar og greinir hér að framan í umfjöllun dómsins um fyrri málsástæðu stefnanda. Með vísan til alls þessa telur dómurinn málatilbúnað stefnanda svo vanreifaðan að ekki verði hjá því komist að vísa öllum dómkröfum stefnanda frá dómi.

4.

Til viðbótar því sem áður greinir um dómkröfur stefnanda skal tekið fram að í stefnu skortir á að gerð sé grein fyrir hver orsakatengsl hinna meintu ólögsmætu atvika eru við meint fjártjón lífeyrissjóðsins. Stefnandi byggir málsóknina á því að um einstaklingsbundið fjártjón lífeyrissjóðsins sé að ræða, en á hinn bóginn er ekki gerð grein fyrir því með hvaða hætti hin ólögsmæta saknæma háttsemi stefnda hafi valdið stefnanda einstaklingsbundnu tjóni. Þá er í málatilbúnaði stefnanda ekki gerð viðhlítandi grein fyrir því hvernig hann telji tjón hafa í einstökum atriðum myndast innan heildartímabilsins frá 1. nóvember 2007 til október 2008. Eru þannig sömu annmarkar á stefnu í máli þessu og Hæstiréttur gerði athugasemdir við í fyrri málsókn stefnanda, sbr. dóm í máli nr. 845/2017. Í þeim efnum verður að hafa í huga að margir og ólíkir þættir geta haft áhrif á markaðsverð hlutabréfa. Þá er ekki útilokað að áhrifa markaðsmisnotkunarinnar, sem stefndi var sakfelldur fyrir með dómum Hæstaréttar í málum nr. 145/2014 og 498/2015, hafi ekki gætt samfelld á öllu tímabilinu, auk þess sem aðkoma stefnanda að einstökum atvikum kunni að hafa verið mismunandi.

5.

Að lokum telur dómurinn að málið sé höfðað á réttu varnarþingi, sbr. 41. gr. laga nr. 91/1991, þar sem brot telst hafa verið framið hér á landi í Kaupþingi banka hf. Þá verður talið að stefnandi hafi lögvarða hagsmuni af því að fá úr því skorið fyrir dómi hvort hann eigi þá kröfu sem hann krefur stefnda um. Fyrir liggur kröfuframsals þar sem stefnanda eru framseld hlutabréf og réttindi af hvaða tagi sem er. Er á því byggt að stefndi hafi valdið Stapa lífeyrissjóði tjóni. Krafa stefnanda tengist því ákveðnu sakarefni. Verður því talið að stefnandi hafi sýnt nægjanlega fram á að hann hafi lögvarða hagsmuni af því að fá skorið úr um tilvist kröfu sinnar. Þá verður ekki fallist á að aðild stefnanda sé vanreifuð.

Með vísan til alls þess er að framan greinir er máli þessu vísað frá dómi. Eftir úrslitum málsins og með vísan til 2. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála ber stefnanda að greiða stefnda 1.365.000 krónur í málskostnað.

Jón Þór Ólafsson lögmaður flutti málið af hálfu stefnanda.

Hildur Leifsdóttir lögmaður flutti málið af hálfu stefnda.

Ragnheiður Snorradóttir héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Samtök sparifjáreigenda, greiði stefnda, Hreiðari Má Sigurðssyni 1.365.000 krónur í málskostnað.

Ragnheiður Snorradóttir